

IB 2/2017

Fyrri skjalsnúmer A 1740/præsídiet  
Afgreiðsla Forsætisnefndin

### Stefnumörkun Norðurlandaráðs í alþjóðamálum

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að hjálögð stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum verði samþykkt.

Kaupmannahöfn, 7. nóvember 2017

*Britt Lundberg*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs



# Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2018-2022



*Þessi stefna leggur áherslu á meginsvið vinnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum á fimm ára tímabilinu 2018-2022. Stefnan byggir á reynslu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum á síðastliðnum árum og mati á ástandinu í utanríkismálum þessa dagana. Hún vísar veginn fyrir þau tengsl og málefni sem Norðurlandaráð vill leggja áherslu á í komandi starfi. Stefnan greinir líka svið þar sem Norðurlandaráð hvetur ríkisstjórnir Norðurlandanna til að efla starf sitt að alþjóðamálum.*

## SAMAN ERUM VIÐ STÓR

Hvert fyrir sig eru Norðurlöndin lítil, en saman eru við stór. Til samans eru Norðurlöndin 10. stærsta hagkerfi heims. Norræna samfélagsgerðin hefur sannað sig sem sjálfbær og árangursrík. Friður, frelsi, jafnrétti, traust og lýðræði ásamt miklum pólitískum og efnahagslegum stöðugleika einkennir Norðurlöndin. Norðurlöndin standa því vel að vígi til að leggja sitt af mörkum þegar framtíð Evrópu og heimsins er rædd.

Mismunandi aðild Norðurlandanna að bandalögum stendur ekki í vegi fyrir miklu nánara samstarfi um alþjóðleg samskipti, varnar-, efnahags-, öryggis-, menningar- og menntamál, rannsóknir, samstarfi um sendiráð, stjórnsýsluhindranir, aðlögun, þróunar- aðstoð og heilbrigðismál, eins og m.a. kemur fram í skýrslum Stoltenbergs, Könbergs og Poul Nielsens. Því vill Norðurlandaráð vinna að því:

- Að norrænu ríkisstjórnirnar nýti í auknum mæli þau tækifæri sem felast í norrænu samstarfi. Reynslan sýnir að þegar Norðurlöndin hafa með sér samráð fyrir fundi á alþjóðavettvangi geta þau haft mikil og oft úrslitaáhrif. Undirbúningsfundir og samráð eiga að vera regla fremur en undantekning.
- Að Norðurlöndin með sína mismunandi aðild að bandalögum efla samstarf sitt um utanríkis-, varnar- og öryggismál, þar á meðal um almannavarnir sem stuðla að almannaoöryggi. Saman gegnum við miklu stefnumarkandi og hernaðarlegu hlutverki og öryggishlutverki. Norrænt samstarf í varnarmálum ógnar engum, en stuðlar að stöðugleika og öryggi á svæðinu.
- Að Norðurlönd haldi áfram starfi sínu að sátta- miðlun og borgaralegri hættustjórnun.
- Að Norðurlönd nýti í auknum mæli tækifærin sem felast í að markaðssetja Norðurlöndin sem eina heild á alþjóðavísu (Nordic Branding).
- Að fleiri norræn sendiráð/utanríkisþjónustan deili húsnæði. Til viðbótar við kostnaðar- og stærðar- hagkvæmni getur það stuðlað að auknu faglegu samstarfi og sterkari norrænni sjálfsmynd og sýnileika.
- Aukið samráð við Norrænu ráðherranefndina í alþjóðamálum, líka innan stjórnsýslunnar.





## MIKILVÆGUSTU FORGANGSMÁL NORÐURLANDARÁÐS Á ALPJÓÐAVETTvangi

Óháð landi og flokkspólitískum línum einkennast Norðurlöndin af djúpstæðri virðingu fyrir lýðræði, réttarríki, jafnræði og mannréttindum. Þetta eru gildi sem við á Norðurlöndum lítum á sem sjálfsagðan hlut, en í mörgum löndum er svo ekki. Norðurlöndin geta látið til sín taka í heiminum með því að tala ávallt skýrri röddu sem stendur vörð um þessi gildi.

Norðurlandaráð vill því í starfi sínu að alþjóðamálum:

- Vinna að því að lýðræði, réttarríki, jafnræði og mannréttindi standi alltaf ofarlega á alþjóðlegri dagskrá. Í reynd þýðir þetta að vekja máls á slíkum málefnum á tvíhliða fundum, alþjóðlegum ráðstefnum, í óformlegum samtölum og í opinberum yfirlýsingum. Norðurlöndin eiga að vera í fararbroddi þegar kemur að baráttu gegn öfgahyggju, andlýðræðislegum viðhorfum, kynþáttahatri og öllum öðrum birtingarmyndum haturs og misréttis.
- Beina sérstaklega athyglinni að málefnum þar sem Norðurlöndin eru í fararbroddi og geta þar með látið til sín taka, eins og til dæmis á sviði réttindamála tengdum börnum, konum, kynferðislegum minnihlutahópum, einstaklingum með fötlun og frumbyggjum.

Óháð landi og flokkspólitískum línum einkennast Norðurlöndin af óskinni um jafnréttisþjóðfélag og stuðning við velferðarríkið. Norðurlöndin eru líka það svæði í heimi þar sem spilling er minnst og mest gagnsæi og traust. Þetta er mikilvæg ástæða efnahagslegrar velgengni Norðurlanda.

Norðurlandaráð vill því í starfi sínu að alþjóðamálum:

- Vinna að því að norræna samfélagsgerðin verði kynnt og geti verið öðrum fyrirmynd.
- Vinna að því að efnahagslegir og samfélagslegir kostir gagnsæis og trausts verði kynntir betur.
- Stuðla að því að aukinni athygli verði beint að alvarlegum samfélagslegum afleiðingum spillingar.

Heimurinn stendur andspænis gríðarlegum loftslags- og umhverfisáskorunum, sem eingöngu er hægt að leysa með alþjóðlegu samstarfi. Sjálfbærnimarkmið SP<sup>1</sup> eru sameiginleg vinnuáætlun heimsins til að útrýma fátækt, berjast gegn misrétti og leysa loftslagsvandann fyrir árið 2030. Norðurlöndin eru nú þegar á mörgum sviðum brautryðjendur um vistvænar lausnir og í fararbroddi um sjálfbærnimarkmið SP, en margt er enn ógert.

Norðurlandaráð vill því vinna að því:

- Að sjálfbærnimarkmið SP fái aukna athygli í tvíhliða samtölum okkar og á alþjóðavettvangi þar sem við tökum þátt.
- Að bestu starfshættir frá okkar svæði komi öðrum til góða og að við séum virk og leitandi til að læra af öðrum.

Það reynir á innri samstöðu Evrópu með meðal annars auknum straumi flóttamanna og fólksflutningum, einkum frá löndum í Afríku og Miðausturlöndum.

---

1. Norðurlandaráð hefur tekið saman skýrslu: Norðurlönd og sjálfbærnimarkmið SP fram til ársins 2030.



Norðurlandaráð vill því vinna að því:

- Að fleiri lönd heimsins taki á sig sinn hluta ábyrgðarinnar á að leysa flóttamannavandann.
- Aukið samstarf og miðlun bestu starfshátta um velheppnaða aðlögun flóttamanna og innflytjenda.

## LÖND, SVÆÐI OG SAMTÖK SEM NJÓTA SÉRSTAKS FORGANGS

Norðurlandaráð vill setja samstarf á grannsvæðunum í sérstakan forgang. Eystrasaltssvæðið, Norðurskautssvæðið og ESB hafa sérstöðu.

### EYSTRASALTSSVÆÐIÐ

- Eystrasaltsríkin og **Eystrasaltspingið** hafa verið grunnstoð í alþjóðlegu samstarfi Norðurlanda. Norðurlandaráð vill vinna að því að efla samstarfið við Eystrasaltsríkin enn frekar. **BSPC** (Þingmannaráðstefna Eystrasaltssvæðisins) safnar saman þingmönnum og embættismönnum frá öllum löndunum við Eystrasaltið og vettvangurinn mun því áfram vera mikilvægur. Norðurlandaráð vill vinna að því að starfið í kringum BSPC verði skýrara og lausnamiðaðra.

### NORÐURSKAUTSSVÆÐIÐ

- Norðurskautssvæðið hefur mikla þýðingu fyrir öll Norðurlöndin og er sjálfsgæður hluti alþjóðastarfs Norðurlandaráðs. Öll Norðurlöndin eru aðilar að

**Norðurskautsráðinu** og Þingmannaráðinu fyrir þingmenn norðurslóða (**CPAR**) þar sem Norðurlandaráð er með áheyrnaraðild. **Kanada**, **Bandaríkin** og **Rússland** eru mikilvægir samstarfsaðilar. **Vestnorræna ráðuneytið** hefur á síðastliðnum árum aukið starf sitt í að málafnum norðurskautsins og hefur öðlast áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu.

### ESB

- Í sífelld hverfulli og ótryggari heimi er mikilvægt að efla samskiptin við nána vini og tryggja samstarfsaðila. Margir þeirra eru innan ESB, eins og til dæmis **Þýskaland** og Benelúx-löndin. Þrátt fyrir brotthvarf Breta úr ESB er **Bretland** sjálfsgæður samstarfsaðili Norðurlanda.
- Óháð aðild eða ekki aðild, þá mun ESB verða sérlega mikilvæg samtök fyrir öll ríki Norðurlanda. Norðurlandaráð vill því efla samskiptin við **þingmenn ESB** og hinar ýmsu **stofnanir ESB**. Norðurlandaráð hefur síðan í september 2017 sinn eigin starfsmann í Brussel, sem ásamt hinum ólíku norrænu þjóðþingum á að stuðla að þessu.

Ef Norðurlandaráð hefur getu til þess, má einnig velta fyrir sér samstarfi við önnur lönd og samtök, eins og til dæmis ÖSE (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu). Það ætti þá í sem mestum mæli að fara fram innan ramma samstarfsins á Eystrasaltssvæðinu/Eystrasaltsríkjunum, Norðurskautssvæðinu og ESB.

Norðurlandaráð  
Nordens Hus  
Ved Stranden 18  
DK-1061 Copenhagen K  
[www.norden.org](http://www.norden.org)

US 2017:457